

Aðalfundur SÍP 5. apríl 2006

Fyrir sjálfan aðalfundinn var haldinn fræðslufundur um örtækni þar sem þrír fram-sögumenn gerður grein fyrir tækjakosti og rannsóknnum sem stundaðar eru við H.Í., ITI og Rb.

Sveinn Ólafsson greindi frá uppbyggingu aðstöðu og tækjakosti við H.Í. en þar er að verða til örtækni-jarni með 20 - 30 starfs-mönnum en margir þeirra eru nemendur í doktorsnámi.

Gissur Örlygsson greindi frá búnaði og verkefnum við ITI og skýrði sérstaklega eftirtalin tæki: Rafeindasmásjá, Kraftsjá (AFM eða atomic force Microscope), Ljós-greini til yfirborðsmælinga og Snertihornsmæli.

Ólafur Wallevik greindi frá rannsóknum í örtækni á Rb. Þessar rannsóknir eru aðallega á sviði sementsbundinna efna og lúta að flotfræði þeirra.

Í lok fundar afhentu formaður og gjaldkeri félagsins, Hákon Ólafssyni skjal og blóm-vönd fyrir farsælt starf fyrir SÍP en þetta var síðasti fundur sem hann sat sem stjórnar-maður.

Aðalfundur félagsins var haldinn strax eftir fræðslufundinn. Formaður greindi frá starf-seminni á síðasta ári og gjaldkeri skýrði fjárhagsstöðu félagsins.

Við stjórnarkjör var Ingólfur Þorbjörnsson kosinn formaður en aðrir í stjórn voru kjörnir: Heiða Pálmadóttir, Elísabet Sól-

bergadóttir, Stefán J. Björnsson, öll endur-kjörin, og Haraldur Haraldsson sem kjörinn var í stað Hákon Ólafssonar, sem lætur nú af stjórnarsetu.

H.P.

Hákon Ólafsson



Mér er bæði ljúft og skylt að skrifa örfáar línur um Hákon Ólafsson og þann stóra þátt sem hann hefur átt í starfsemi SÍP.

Á síðasta aðalfundi sambandsins gekk Hákon úr stjórn, en hann hefur setið í stjórn SÍP frá upphafi. Hákon var einn af þeim frumkvöðlum sem sáu nauðsyn þess að stofna hagsmunasamtök prófunarstofa, ekki hvað síst til að rödd þeirra heyrðist þegar verið var að leggja auknar skyldur á herðar prófunarstofa og kröfur til faggildingar og vottunar voru að koma.

Þegar undirritaður gekk til liðs við stjórn SÍP var Hákon þar fyrir sem ritari stjórnar og í raun sá sem leiddi starfsemina og lagði metnað í að hún væri sem allra best. Þetta hefur Hákon gert og er starfsemi SÍP að mörgu byggð á hugmyndum hans og vinnu.

Við sem sitjum í stjórn SÍP þökkum Hákonni mikið og óeigingjarnt starf og vonum að við fáum að njóta ráðlegginga og uppbyggjandi athugasemda hans um ókomna framtíð.

L.b.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fyrir alþingi liggur nú frumvarp Iðnaðarráðherra um sameiningu þriggja stofnana ráðuneytisins í eina, það er sameining Iðntæknistofnunar Íslands, ITI, Rannsóknarstofnunar Byggingariðnaðarins, RB og Byggðastofnunar, í Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

Vinna við sameiningu þessara stofnana hefur verið í gangi undanfarin tvö ár, fyrst með þriggja manna nefnd undir forystu Sveins Þorgrímssonar frá Iðnaðarráðuneytinu og síðan með nefnd ráðherra undir forsjá Magnúsar Friðgeirssonar, stjórnarformans ITI og RB. Báðar þessar nefndir komust að þeirri niðurstöðu að mjög skynsamlegt væri að sameina starfsemi ITI og RB og að samlegðaráhrif slíkrar sameiningar væru ákjósanleg. Síðar bættist Byggðastofnun við þessar hugmyndir og tók málið þá að nokkru nýja stefnu.

Bæði ITI og RB hafa markað sér stöðu á markaði hagnýtttra rannsókna og um leið sinnt umfangsmikilli prófana og ráðgjafastarfsemi. Þegar horft er á þessar stofnanir úr nokkurri fjarlægð sést að starfsemi þeirra skarast á margan hátt og ljóst að lausnir sem verið er að bjóða í byggingariðnaði hvað varðar eftirlit, prófanir og ráðgjöf, getur vel nýst í öðrum atvinnugreinum. Það sama á auðvitað við um lausnir sem verið er að bjóða öðrum atvinnugreinum en byggingariðnaðinum. Við sameiningu þessara stofnana yrði þannig til öflug eining sem gæti betur sinnt þverfaglegri vinnu og veitt betri og skilvirkari þjónustu sem væri eftirsótt á markaðinum.

Lykill að árangursríkri samlegð þessara stofnana er auðvitað í þeim mannauði og tækjabúnaði sem stofnanirnar hafa og geta boðið. Það

verður því að rækta þennan auð og sjá til að allar forsendur séu til staðar, að mannskapurinn sé sáttur og að hann sé hafður með í ráðum og verkum. Erfiðara er að sjá samlegðaráhrif með Byggðastofnun enda um margt ólíkari starfsemi sem þar fer fram. Þó má sjá að þróunarsvið stofnunarinnar hefur um margt svipaða starfsemi og IMPRA-Nýsköpunarmiðstöð og eru þar samlegðaráhrif. Þegar þetta er skrifað er frumvarpið í Iðnaðarnefnd Alþingis og væntanlegt þaðan til annarrar umræðu í þingi.

Sé horft til prófana og eftirlitsstarfsemi sem þessar stofnanir hafa sinnt þá er ljóst að með sameiningu verða ýmsar breytingar, og þá til eflingar starfseminni. Samnýting á mannskap og tækjabúnaði mun efla starfsemina og gera kleyft að veita skilvirkari þjónustu en hingað til hefur verið veitt.

Mikið mun mæða á starfsmönnum en undirritaður hefur fulla trú á að þátttaka þeirra og faglegur áhugi muni tryggja það að sameiningin skili þeim árangri sem að er stefnt.

L.b.

Kynningar á SÍP félögum

Rannsóknastofa í lyfja og eiturefnafræði við Háskóla Íslands

Á Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði (RLE), Háskóla Íslands, fara fram umfangsmiklar þjónustu og grunnrannsóknir. Rannsóknir þessar eru m.a.:

- 1) Umhverfis- og eiturefnafræðirannsóknir s.s. mælingar á þrávirkum klórlífrænum efnum, lífrænum leysum, olíumengum, alkóhólum o.fl.
- 2) Fíkniefna- og lyfjarannsóknir í lífssýnum
- 3) Réttarefnafræðirannsóknir í líf og efnissýnum

Mikið er lagt upp úr þátttöku í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum og verið er að vinna að gæðahandbók RLE samkvæmt ISO 9000.

Frumherji hf, Frumorka og Aðalskoðun hf

Frumherji hf., Frumorka og Aðalskoðun hf eru þjónustufyrirtæki á skoðunar- og prófunarsviði, en fyrirtækin eru með starfsemi á um 35 stöðum á landinu. Starfsemin er fjölbætt og meðal þeirra verkefna sem fyrirtækin sinna nú eru skoðanir á ökutækjum, raforkuvirkjum, framkvæmd ökuþróa, prófanir og löggildingar á mælitækjum, vinnslu- og bátaskoðanir, tjónaskoðanir og mat. Flest þessara verkefna eru unnin að kröfu og eftir verklagsreglum opinberra aðila þar sem faggilding er áskilin, en í öllum tilvikum hefur fyrirtækið að auki þróað skoðanir og prófanir eftir þörfum viðskiptavina hverju sinni.

Össur hf.

Össur hf. hefur yfir að ráða sinni eigin prófunarstofu, þar sem framkvæmdar eru prófanir á framleiðsluvörum fyrirtækisins. Um er að ræða prófanir á nýjum vörum sem eru prófaðar samkvæmt ISO staðli fyrir stoðtæki, áður en þau eru sett á markað.

Einnig er fylgst með framleiðslunni með því aða framkvæma úrtaksprófanir á framleiðsluvörum með reglulegu millibili.

Ekki síður er prófunarstofan mikilvægur hlekkur í þróun og hönnun á nýjum vörum.

Matís

Hlutfélagið Matís ohf tók til starfa þ. 1. janúar 2007. Í fyrirtækinu sameinuðust þrjár ríkisstofnanir sem unnið höfðu að matvælarannsóknnum og þróun í tengslum við matvælaíðnað. Þetta voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (Rf), Matvælarannsóknir Keldnaholti (MATRA) og Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar (RUST).

Þessar stofnanir inntu margvísleg verkefni af hendi fyrir íslensk stjórnvöld á sviði rannsókna, vöktunar, mælinga, námskeiðahalds og

ráðgjafar. Matís ohf mun áfram starfa að margvíslegum verkefnum í þágu stjórnvalda í framtíðinni í samræmi við þar til gerða þjónustusamninga.

Hlutverk Matís ohf. er að stunda rannsóknir og þróunarstarf annars vegar á sviði öryggis og heilnæmis matvæla og hins vegar á sviði nýsköpunar.

Markmið fyrirtækisins er að efla rannsóknir og þróunarstarf, m.a. með auknu samstarfi við háskóla og fyrirtæki. Nú þegar er Matís í margvíslegu samstarfi við nokkra háskóla á Íslandi, þar á meðal Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Hólaskóla og Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Markmiðið er að efla ennfrekar samstarf Matís og háskóla á komandi árum.

Þá mun Matís áfram byggja á því öflugra samstarfi sem Rf, MATRA og RUST höfðu við fyrirtæki og stofnanir í matvælaíðnaði. Má þar nefna samstarf við sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtæki, fiskeldisfyrirtæki, önnur matvælafyrirtæki, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, lyfjafyrirtæki og umfangsmikið alþjóðlegt samstarf á sviði vísindarannsókna.

Starfsemi Matís er skipt í fjögur svið:

- (1) vinnsla og vöruþróun,
- (2) líftækni og nýjar afurðir - Prókaría,
- (3) öryggi og heilnæmi og
- (4) fjármál.

Starfstöðvar Matís ohf eru nú á 8 stöðum á Íslandi, 2 í Reykjavík og á Ísafirði, Akureyri, Höfn í Hornafirði, Sauðárkróki, í Neskaupstað og Vestmannaeyjum. Starfsmenn í dag eru um 80. Helstu verkefni vinnslu og vöruþróunarsviðs eru á sviði vöruþróunar og neytendarannsókna, eldisrannsókna, nýrrar tækni, markaðsrannsókna og vinnslu. Líftæknisvið starfar helst á sviði erfðatækni, líftækniáfurða og nýrra matvæla. Heimasíða Matís er www.matis.is.

H.P.

Prófanir og þjónusta hjá Matís

Þjónustusvið Rf hefur í áraraðir boðið upp á þjónustumælingar og prófanir fyrir viðskiptavinum sína, fyrirtæki, opinbera aðila og einstaklinga.

Árið 1997 öðluðust nokkrar algengustu mælingar á þjónustusviði Rf faggildingu samkvæmt EN 45001 staðlinum en frá árinu 2001 hafa mælingar verið faggiltar skv. samkvæmt ISO-17025 staðlinum. Það var Löggildingarstofa, í samvinnu við SWEDAC í Svíþjóð, sem framkvæmdi árlegt eftirlit hjá Rf.

Alls hafa 14 algengustu mælingarnar, 6 efnamælingar og 8 örverumælingar hlotið faggildingu.

Rannsóknastofa Umhverfisstofnunar (RUST) var sjálfstætt svið innan Umhverfisstofnunar og annaðist örveru- og efnafræðilegar rannsóknir á sviði matvæla-, neyslu- og nauðsynjavara og mengunar.

Starfsemi RUST fólst m.a. í þjónustu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga á sviði örveru-, eðlis- og efnarannsókna, þjónustu við fyrirtæki og einstaklinga á sviði överu-, eðlis- og efnarannsókna og rannsóknum á varnarefnum í grænmeti og ávöxtum.

Matís ohf mun áfram bjóða upp á þá þjónustu sem fyrrgreindar stofnanir buðu upp á og vonandi efla þann þátt í góðri samvinnu við viðskiptavinum sína á komandi árum. Þannig verða samtals 34 mælingar faggiltar hjá hinu nýja fyrirtæki.

Faggildingaraðilinn Swedac mun koma í mars og taka út hina nýju og breyttu starfsemi. Gæðastjóri er Margrét Geirsdóttir líffræðingur.

H.P.

Prófanir og þjónusta á Tæknisviði ITÍ

Tæknisvið Iðntæknistofnunar hefur yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til ýmissa prófana á málum, plastefnum og öðrum efnum. Leitast er við að uppfylla þarfir iðnaðarins um efnisprófanir á afmörkuðum sviðum.

Aflfræðiprófanir og tæringarprófanir. Gerðar eru togþolsprófanir, höggþolsprófanir, hörkumælingar og tæringarprófanir á ýmsum vörum og efnum.

Tjónagreiningar. Fram fara greiningar á ýmsum tjónum á vélahlutum og mannvirkjum. Við rannsóknir á tjónum eru gerðar aflfræðiprófanir, skoðun á brotsárum með aðstoð víðsjár og raf-eindasmásjár og efnagreininga á málmum og tæringarafurðum.

Skaðlausar prófanir, NDT. Skaðlausar prófanir eru m.a. framkvæmdar sem hluti af gæðaeftirliti með stálverkum. Beitt er röntgenmyndun, hljóðbylgjuþrófunum og sprunguleitaraðferðum. Prófaðir eru t.d. gallar í suðum og vélahlutum. Dæmi um verkefni eru: Hitaveitur, lagnir og tankar, skipasmíði, gufu- og vatnsaflsvirkjanir.

Vottun suðumanna. Hæfnispróf Iðntæknistofnunar fara fram samkvæmt Evrópskum stöðlunum með fjölmörgum aflfræðiprófunum og skaðlausum prófunum.

Plastefni. Ýmsar efnisprófanir eru gerðar fyrir framleiðendur plastvöru og einnig er prófuð ending og virkni vegmerkinga og málningar fyrir Vegagerðina.

Unnið er í samræmi við vottað gæðakerfi Iðntæknistofnunar, ISO 9001: 2000, í þeim tilgangi að tryggja gæði prófunarþjónustunnar.

A.A.